

Ársskýrsla Viðskiptaháskólans á Bifröst

2004-2005



Efnisyfirlit

Frá Rektor.....	1
Háskólastjórn.....	2
Háskólaráð.....	3
Fræðslu- og rannsóknaráð (F&RR).....	4
Skipurit.....	1
Áfangar í starfi Viðskiptaháskólans á Bifröst starfsárið 2004-2005.....	1
Frumgreinadeild.....	1
Viðskiptadeild.....	2
Lagadeild.....	4
Menntun kennara.....	6
Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst.....	7
Nemendur.....	8
Bókasafn.....	9
Náms- og starfsráðgjöf.....	10
Tölvuþjónusta.....	13
Alþjóðaskrifstofa.....	14
Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans.....	17
Rannsóknasetur á Bifröst.....	18
Evrópufræðasetur.....	18
Rannsóknasetur í húsnæðismálum.....	18
Rannsóknasetur verslunarinnar.....	19
Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála.....	19
Húsnæðismál.....	21
Rekstur og efnahagur.....	23
Brautskráning.....	26

Frá Rektor

Háskólaárið 2004-2005 var enn eitt umbreytingarárið í starfsemi Viðskiptaháskólans á Bifröst. Stefnumörkunar og þróunarstarf markaði skólaárið en ákvarðanir um heilsársháskóla og stofnun nýrrar Félagsvísinda- og hagfræðideildar voru teknar á árinu. Að auki var mikill vöxtur í meistaranámi og rannsóknum.

Háskólar eru þekkingarfyrirtæki í virku og kröfuhörðu samkeppnisumhverfi. Þar þurfum við að standa okkur betur en okkar samkeppnisaðilar. Við þurfum að innleiða nýja þekkingu inn í íslenskt samfélag og atvinnulíf og vera framar öðrum háskólum. Háskólastarf veltur fyrst og fremst á gæðum. Þar skiptir fyrst og fremst máli viðleitnin að gera betur í dag en í gær.

Bifröst hefur notið velgengni á umliðnum misserum og árum. Framtíð skólans veltur á því að nýta þann byr til nýrra og spennandi viðfangsefna og verka.



Runólfur Ágústsson
Rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Háskólastjórn

Háskólastjórn fer með yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri skólans í samráði við rektor. Nefndin ræður rektor til starfa, skipar dómnefndir vegna rektors- og kennararáðninga, afgreiðir rekstraráætlun og ársreikning skólans, gerir ráðstafanir til að tryggja nauðsynlegt rekstrarfé o.s.frv. Hún er skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara; tveir aðalfulltrúar eru skipaðir af Samtökum atvinnulífsins, einn af hollvínasamtökum háskólans, einn af Menntamálaráðherra og einn af Háskólaráði; sömu aðilar skipa varafulltrúa. Skipunartími Háskólastjórnar er tvö ár. Haldnir eru 4-8 fundir á ári.



Háskólastjórn skólaárið 2004-2005 var skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Stjórnarformaður:

Guðjón Auðunsson Fulltrúi nemenda NSS

Varaformaður:

Siv Friðleifsdóttir Fulltrúi Háskólaráðs

Aðrir fulltrúar:

Guðjón Rúnarsson Fulltrúi SA

Björg Ágústsdóttir Fulltrúi Menntamálaráðherra

Finnur Árnason Fulltrúi SA

Varamenn:

Jón Guðmundur Ottósson Fulltrúi Menntamálaráðherra

Áslaug B. Guðmundsdóttir Fulltrúi NSS

Júlíus J. Jónsson Fulltrúi SA

Sigurður S. Gylfason Fulltrúi Háskólaráðs

Atli Atlason Fulltrúi SA

Háskólaráð

Háskólaráð er samráðsvettvangur um starfshætti, samskipti og gæði í starfi háskólans. Í háskólaráði sitja rektor, deildarforsetar, framkvæmdastjóri háskólans, framkvæmdastjóri háskólagarða, einn fulltrúi kosinn af fastráðnum kennurum og einn fulltrúi kosinn af öðrum fastráðnum starfsmönnum. Af hálfu nemenda sitja í háskólaráði tveir fulltrúar heildarsamtaka nemenda ásamt sérstökum fulltrúa nema í viðskiptadeild, lagadeild og frumgreinadeild, sem hver um sig skal kosinn af nemendum í viðkomandi deild. Sömuleiðis situr í ráðinu einn fulltrúi kosinn af meistaranemum og einn fulltrúi íbúa á Bifröst, kosinn af þeim á almennum íbúafundi.



Háskólaráð skólaárið 2003-2004 var skipað eftirfarandi fulltrúum:

Rektor

Runólfur Ágústsson

Fulltrúar kennara og starfsmanna:

Magnús Árni Magnússon	aðstoðarrektor
Ingibjörg Þorsteinsdóttir	deildarforseti lagadeildar
Bernhard Þór Bernhardsson	fulltrúi kennara
Auðbjörg Agnes Gunnarsdóttir	fulltrúi starfsmanna
Þórir Páll Guðjónsson	rekstrarstjóri nemendagarða

Fulltrúar nemenda:

Hjalti Rósinkrans Benediktsson	fulltrúi íbúaráðs
Guðjón Kjartansson	fulltrúi nemenda í viðskiptadeild
Bjarki Rafn Kristjánsson	formaður skólafélags
Jón Vigfús Bjarnason	fulltrúi nemenda í lagadeild
Kristján Pétur Kristjánsson	fulltrúi nemenda í frumgreindeild
Hallmar Sigurðsson	fulltrúi meistaranema

Fræðslu- og rannsóknaráð (F&RR)


Fræðslu- og rannsóknaráð er samráðsvettvangur um fræðslustarfsemi og vísindaleg málefni. Í Fræðslu- og rannsóknaráði sitja allir fastráðnir kennarar, umsjónarmenn deilda og rektor sem stýrir fundum ráðsins. Einnig sitja þar aðrir starfsmenn sem sinna sérstökum kennslu-, rannsóknar- eða vísindastörfum skv. ákvörðun rektors.

Fundargerðir F&RR má finna á innraneti háskólans undir skipulag/fundargerðir.

Fræðslu og rannsóknarráð skólaárið 2004-2005 var skipað eftirfarandi fulltrúum:

Runólfur Ágústsson	rektor
Magnús Árni Magnússon	aðstoðarrektor
Ingibjörg Þorsteinsdóttir	deildarforseti lögfræðideildar
Stefán Kalmansson	framkvæmdastjóri
Hólfríður Sveinsdóttir	forstöðumaður rannsóknarmiðstöðvar
Anna Guðmundsdóttir	aðjúnkt
Bernhard Þór Bernhardsson	lektor
Birgir G. Magnússon	lektor
Ívar Jónsson	prófessor
Lilja Mósesdóttir	prófessor
Ástráður Haraldsson	dósent
Bjarni Jónsson	lektor
Sigurður Ragnarsson	lektor
Magnús Árni Skúlason	forstöðumaður rannsóknarseturs
Vífill Karlsson	dósent
Snæfríður Baldvinsdóttir	aðjúnkt
Steinunn Eva Björnsdóttir	umsjón Frumgreinadeildar
Guðný Ísleifsdóttir	umsjón upplýsingamiðstöðvar
Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir	náms- og starfsráðgjafi
Sigrún Hjartardóttir	alþjóðafulltrúi
Jón Þór Sturluson	forstöðumaður rannsóknarseturs
Gunnar Ólafur Haraldsson	aðjúnkt
Brynja Bragadóttir	aðjúnkt
Herdís Þorgeirsdóttir	prófessor
Ingibjörg Ingvadóttir	aðjúnkt
Elín Blöndal	forstöðumaður rannsóknarseturs

Skipurit



Áfangar í starfi Viðskiptaháskólans á Bifröst starfsárið 2004-2005

Frumgreinadeild

Kennsla í frumgreinadeild

Nám í frumgreinadeild veitir eins árs sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám á Bifröst þeim sem ekki fullnægja inntökuskilyrðum um stúdentspróf og öðrum þeim sem vilja styrkja umsókn sína um nám á Bifröst með eins árs undirbúningi í grunnfögum. Í deildinni eru kennd þau grunnfög sem nýtast nemendum til undirbúnings fyrir nám í öllum háskóladeildum á Bifröst. Nám í frumgreinadeild er samtals 37 einingar á framhaldsskólastigi eða 18,5 einingar á hvoru misseri. Lögð er áhersla á kennslu í stærðfræði, bókhaldi og upplýsingatækni. Auk þess er kennd viðskiptaenska, hagfræði, íslenska, lögfræði og forysta og samskipti. Námið í deildinni er á framhaldsskólastigi og er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Nemendur

Umsóknir um nám í frumgreinadeild á haustmisseri 2004 voru töluvert fleiri en síðastliðið ár. 47 nemendur hófu nám í deildinni að hausti, eða um 68% af heildarfjölda umsækjenda, þar af voru 40% konur og 60% karlar. Meðalaldurinn var um 30 ár.

Frumgreinadeildin hefur átt því láni að fagna að starfsmannavelta hefur verið lág síðastliðin ár. Kennarar deildarinnar eru flestir stundakennarar sem hafa verið við störf við háskólann undanfarin ár.

Umsjónarmaður Frumgreinadeildar var Steinunn Eva Björnsdóttir.

Viðskiptadeild

Kennsla í viðskiptadeild

Í grunnnámi viðskiptadeildar var boðið upp á diplómanám í rekstrarfræði (2 ár, 60 einingar) og BS gráðu í viðskiptafræði (3 ár, 90 einingar). Einnig var boðið upp á þriðja árið til BS-gráðu í fjarnámi. Í meistaranámi var boðið upp á MS-gráðu í viðskiptafræðum og MA-gráðu í hagnýtum hagvísindum fyrir fólk sem ekki er með viðskiptanám sem grunnám. Í viðskiptadeild eru öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta kennd. Námið er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Starfsmenn deildarinnar og önnur starfsemi

Á haustönn voru fastráðnir við deildina 10 kennarar. Þar af var 1 nýr, 1 að hefja sitt annað starfsár og 8 búnir að starfa lengur við skólann en 2 vetur, þar af 2 í hlutastarfi. Af fastráðnum kennurum voru 2 prófessorar, 5 dósentar, og 3 lektorar. Tveir lektorar hlutu framgang til dósents á starfsárinu og 1 aðjúnkt framgang til lektors.

Meistaránám við skólann gekk mjög vel og sérstaklega menninga og menntastjórnunarval í hagnýtum hagvísindum sem hefur notið mikillar aðsóknar. Þrír fyrstu nemendurnir með meistara-gráðu voru útskrifaðir um vorið með MA-gráðu í hagnýtum hagvísindum að lokinni vörn á meistararitgerðum sínum.

Um vorið var ákveðið að leggja í vinnu við að greina hvort skynsamlegt væri að bjóða upp á allt grunnám viðskiptadeildar í fjarnámi og var einum meðlimi deildarinnar falið það verkefni í samráði við deildarforseta og rektor.

Nemendur

Um nám í viðskiptadeild á haustönn 2004 sóttu 53 um, þar af hlutu 38 skólavist. Það eru því tæp 72% þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist.

Af þeim sem hófu nám við viðskiptadeild haustið 2004 voru 42% konur og 58% karlar. Meðalaldur var rúm 28 ár.

Nemendur í staðnámi í viðskiptadeild voru 118. Þar af voru 43 í staðnámi á þriðja ári og er það mesti fjöldi á því ári frá upphafi.

Á haustönn 2004 voru 64 einstaklingar skráðir til náms í fjarnámsdeild Viðskiptaháskólans á Bifröst. Þar af luku 6 manns námi við útskrift í janúar.

Á vorönn 2005 voru 61 einstaklingur skráður til vinnslu BS verkefnis. Þar af luku námi 46 manns. Af þeim voru 31 í staðnámi og 15 í fjarnámi.

Deildarforseti viðskiptadeildar var Magnús Árni Magnússon.

Lagadeild

Kennsla í lagadeild

Lagadeild hóf sitt fjórða starfsár haustið 2004 og var kennsla með hefðbundnu sniði. Viðskiptaháskólinn á Bifröst er eini háskólinn á landinu sem kennir viðskiptalögfræði til 90 eininga BS gráðu. Námið tekur 3 ár og er samsett úr greinum fjármála- viðskipta- og lögfræði. Markmið námsins er að mennta stjórnendur með sérþekkingu á lagalegum þáttum viðskipta og rekstrar. Fræðsla í lagadeild hefur að markmiði að mennta viðskiptalögfræðinga sem séu sem best undirbúnir til framtíðarstarfa í atvinnulífínu. Menntun þeirra skal miða að því, að þeir geti aflað sér fjölbreyttrar starfsreynslu á vinnumarkaði, í krefjandi störfum, hvort sem um er að ræða í eigin rekstri, hjá einkafyrirtækjum eða hjá hinu opinbera. Þá skal námið veita góðan og traustan undirbúning fyrir framhaldsnám viðskiptalögfræðinga, hvort sem er á sviði viðskiptafræði eða lögfræði.

Á starfsárinu var við deildina kennt á meistarastigi, til ML gráðu í lögfræði og til MS gráðu í viðskiptalögfræði. Í maí 2005 fékk Viðskiptaháskólinn á Bifröst auk þess heimild Menntamálaráðuneytisins til þess að hefja kennslu til MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Námið er 45 eða 60 einingar, eftir umfangi lokaverkefnis.

Starfsárið gekk vel. Deildarforseti var Ingibjörg Þorsteinsdóttir cand. jur., M.Sc., lektor. Fastráðnir kennarar við deildina voru auk Ingibjargar, Dr. Herdís Þorgeirsdóttir prófessor, Ástráður Haraldsson hrl. dósent, Ingibjörg Ingvadóttir, cand. jur., lektor, Birgir G. Magnússon hdl. lektor og Stefán Kalmannsson, M.Sc., aðjúnt og framkvæmdastjóri skólans. Auk þess var Elín Blöndal, cand.jur, L.L.M ráðin tímabundið til starfa 1. nóvember, í hlutastarfi fram að áramótum en í fullt starf frá og með áramótum til 1. ágúst.

Starfsmenn deildarinnar og önnur starfsemi

Á haustönn voru fastráðnir 6 kennarar við deildina, þar af 3 í hlutastarfi: Ingibjörg Þorsteinsdóttir, deildarforseti, Dr. Herdís Þorgeirsdóttir, prófessor, Ástráður Haraldsson, dósent (í 50% starfi), Birgir Magnússon, lektor, Ingibjörg Ingvadóttir, lektor og Stefán Kalmannsson, aðjúnt (í 20% starfi við deildina). Auk þess var Elín Blöndal, cand. jur.,

L.L.M í nóvember ráðin tímabundið við deildina (í 20% starfi, einnig forstöðumaður Rannsóknarseturs í vinnuréttar- og jafnréttismálum).

Þann 1. október 2004 stóð lagadeild skólans fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina; Evrópskur féлага- og skattaréttur, en ráðstefnuna undirbjuggu og skipulögðu tveir meistaranemar við deildina þeir Jóhann H. Hafstein og Björn J. Björnsson. Þann 11. febrúar 2005 stóð Rannsóknarsetur í jafnréttis- og vinnuréttarmálum undir forystu Elínar Blöndal dósents og forstöðumanns setursins fyrir málþingi um launajafnrétti. Hinn 31. mars sama ár stóð lagadeildin fyrir ráðstefnu um skattamál undir yfirskriftinni Skattaréttur í örri þróun en ráðstefnuna skipulagði Ingibjörg Ingvadóttir, lektor. Þann 8. apríl 2005 var haldin ráðstefna á vegum skólans sem bar heitið Áhrif EES-samningsins á útrás íslenskra fyrirtækja innan Evrópu. Ráðstefnuna undirbjuggu meistaranemar við lagadeildina, þeir Björn J. Björnsson, Þormóður Skorri Steingrímsson, Jón Ingi Ingibergsson og Þórður Reynisson. Dagana 26. og 27. maí 2005 var haldin ráðstefnan Tengslanet kvenna II, völd til kvenna, en Dr. Herdís Þorgeirsdóttir prófessor skipulagði og undirbjó ráðstefnuna.

Nemendur

Um BS nám í lagadeild á haustönn 2004 sóttu 61 og hófu 45 nám. Það eru því um 73 % þeirra sem sóttu um sem hljóta skólavist. Af þeim sem hófu nám við deildina haustið 2004 voru 58% konur og 42% karlar.

Í janúar 2005 útskrifaðist einn nemandi með BS gráðu í viðskiptalögfræði en vorið 2005 útskrifuðust 26 nemendur.


Alls lögðu 9 manns stund á meistaranám í lögfræði (ML) árið 2004-5 og 3 á meistaranám í viðskiptalögfræði (MS)

Menntun kennara

Af 22 fastráðnum kennurum eru 5 með doktorspróf, einn með M.Phil. gráðu, 6 með tvær meistara- eða kandidateisgráður og aðrir með eina meistara- eða kandidateisgráðu.

Stundakennarar uppfylla allir skilyrði laga um menntun, þ.e. að minnsta kosti meistaragráða fyrir þá sem kenna á háskólastigi. Af 52 stundakennurum voru 13 með doktorsgráðu.

Allir kennarar sem kenna á háskólastiginu uppfylla því kröfur um menntun kennara við skólann sem settar eru af Menntamálaráðuneytinu. Menntunarstig kennara hefur heldur aukist frá fyrra ári en tveir doktorsmenntaðir kennarar hafa bæst við hóp fastráðinna frá fyrra vetri, auk þess sem tveir af fastráðnum kennurum eru í doktorsnámi.



Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst



Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst stendur vörð um hagsmuni nemenda sem og heldur uppi virku félagslífi. Áherslur breytast þegar í háskóla er komið, gerðar eru meiri kröfur sem gerir það að verkum að við njótum vonandi betur þeirra frístunda sem okkur hlotnast. Reynir Skólafélagið því að halda uppi fjölbreyttu félagslífi samhliða hagsmunagæslu. Stefna þessarar stjórnar var að auka úrval menningarviðburða án þess þó að fækka öðrum atburðum, og tókst það vel. Má sem dæmi nefna upplestrarkvöld, djasskvöld og tónleika, auk ýmissa viðburða fyrir yngri kynslóðina.

En ekki er nóg að hugsa um félagslífið. Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur undanfarið gengið í gegnum miklar breytingar og hefur mörgum þótt sem breytingar í þriggja anna kerfi, stofnun nýrrar deildar og mikil aukning nemenda hafi gengið helst til hratt fyrir sig. Það er því gríðarlega mikilvægt að hafa öflugt hagsmunafélag nemenda þegar skólinn tekst á við þessar breytingar og verður Skólafélagið því að gæta þess að staðna ekki, heldur þróast með breyttu skipulagi skólans.

Stjórn Skólafélags Viðskiptaháskólans á Bifröst 2004-2005 skipuðu eftirtaldir einstaklingar:

Bjarki Rafn Kristjánsson, formaður

Maj-Britt H. Briem, ritari og varaformaður

Ögmundur Hrafn Magnússon, gjaldkeri

Þorgrímur Darri Jónsson, upplýsingafulltrúi


Linda Margrét Sigurðardóttir, félagsmálafulltrúi

Atli Már Gylfason, fulltrúi nýnema

Nemendur


Fjöldi nemenda starfsárið 2004-2005 var 424.

Fjöldi nemenda eftir deildum



Kynjahlutfall nemenda 2004-2005

Kynjahlutfall nemenda



Bókasafn

Á bókasafninu starfaði þetta skólaár einn bókasafnsfræðingur, Guðný Þorbjörg Ísleifsdóttir

Ritakaup og útlán

Safnið notaði áfram bókasafnsforritið Metrabók, en horft er til þess að taka Landskerfi bóksafna, Gegni í notkun.

Skráð voru 1165 eintök skólaárið 2004-2005. Ritaeign safnsins skv. bókasafnskerfinu er um 14.000 eintök. Að auki á safnið um 2.000 óskráð rit, aðallega skáldsögur og ævisögur. Einnig eru til á safninu nokkur myndbönd og tölvutæk gögn.

Bókagjafir þær sem safnið hefur fengið á umliðnum árum eru enn óskráðar. Ný misserisverkefni og BS-lokaverkefni voru skráð í Metrabókina.

Útlán skráð í Metrabók voru 1335. Mikill misbrestur er á því að útlán séu skráð þannig að þessi tala gefur enga mynd af raunverulegri notkun safnkostsins.

Tímarit og gagnagrunnar

Á safnið voru keyptir um 23 titlar af prentuðum tímaritum og dagblöðum.

Nemendur og starfsfólk skólans höfðu aðgang að Landsaðgangi rafrænna tímarita og gagnasafna í gegnum Hvar.is.

Viðskiptaháskólinn keypti aðgang að Réttarríkinu og greinasafni Morgunblaðsins og dönsku lögfræði söfnunum Justis, Karnoff/UfR.

Millisafnalán

Frá öðrum söfnum : 42.

Tækjakostur

Á safninu var ein tölva með aðgangi að bókasafnskerfinu. Einnig hafa nemendur aðgang að ljósritunarvél.

Guðný Ísleifsdóttir, bókasafnsfræðingur hætti störfum í maí 2005 og við tók Andrea Jóhannsdóttir.

Náms- og starfsráðgjöf

Við náms- og starfsráðgjöf skólans starfaði undirrituð ein í 85% starfi skólaárið 2004-5. Viðvera var 75% af vinnutíma, þ.e. þrjú dagar í viku.

Nemendur voru um 457 á skólaárinu, samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá, sem þýðir að hlutfall nemenda og stöðugildis í náms- og starfsráðgjöf var nálægt 1 á móti 540, sem er sama hlutfall og á skólaárinu '03-'04. Með heildarfjölda nemenda er hér átt við alla þá sem námu við skólann á árinu, á háskólastigi og í frumgreinadeild, hvort sem þeir voru í stað- eða fjarnámi; hófu nám að hausti eða vori; útskrifuðust um júl eða vor, eða hættu í námi á tímabilinu. Enda má gera ráð fyrir því að hver og einn nemandi hafi getað nýtt sér náms- og starfsráðgjöf jafn mikið, hvort sem þeir hættu námi að hausti eða hófu nám um áramót. Aðrir nemendur á vegum skólans, s.s. verslunarstjóranemar, eru ekki inni í þessari tölu þar sem þeir hafa ekki haft aðgang að þjónustunni.

Samkvæmt álitni nefndar á vegum Menntamálaráðuneytisins, um eflingu náms- og starfsráðgjafar, frá árinu 1998, er æskilegt hlutfall stöðugilda náms- og starfsráðgjafa og fjölda nemenda, eitt stöðugildi á hverja 3-500 nemendur. Þjónustustig náms- og starfsráðgjafar háskólans er í efri mörkum þessa grunnviðmiðs og til þess að halda að minnsta kosti í horfinu er mikilvægt að gæta þess að auka stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf í réttu hlutfalli við fjölgun nemenda.

Meginhlutverk

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafar er að veita nemendum margvíslegan stuðning í námi, s.s. ráðgjöf um námstækni og tímastjórnun, sálfræðilega ráðgjöf vegna prófkvíða og persónulegra örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og ráðgjöf vegna náms- og starfsvals eða starfsþróunar. Ráðgjafi sér um að leiðbeina nemendum sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veitir ráðgjafi einstaklingum sem huga að námi við skólann ráðgjöf varðandi námsval og umsókn. Aðstoðin fer fram í gegnum viðtöl og námskeið.

Nemendaráðgjöf: Stuðningsfulltrúar nemenda

Náms- og starfsráðgjafi /sálfræðingur ber ábyrgð á vali tveggja stuðningsfulltrúa úr hvorri háskóladeild, auk þess að halda utan um starfsemi nemendaráðgjafarinnar. Skólaárið 2004-5 voru Þuríður Gísladóttir og Sigvaldi Gíslason stuðningsfulltrúar viðskiptadeildar og úr lögfræðideild voru þau Jón Vigfús Bjarnason og Þorbjörg

Kolbeinsdóttir. Starf stuðningsfulltrúa er sjálfbodastarf og eiga ofangreindir nemendur heiður skilið fyrir vel unnin störf.

Námskeið á starfsárinu:

Námskeið á haustönn: „Vinnulag og viðhorf í námi.”

Þrisvar sinnum tveggja tíma námskeið um námstækni, þ.e. vinnulag og viðhorf í námi, fyrir nýnema í frumgreinadeild og háskóladeildunum. Helstu viðfangsefni voru tímastjórnun og skipulag í námi, frestun, lestrartækni, glósutækni, námsstíll, minni og minnisáðferðir, undirbúningur fyrir próf, próftaka og prófkvíði, auk þess sem nemendur svöruðu nokkrum spurningalistum er meta styrkleika og veikleika í námi.

Námskeið á vorönn: „Starfsval og -leit.”

Fjögurra tíma námskeið fyrir útskriftarnema beggja deilda sem miðar að því að gera nemendur betur undirbúna fyrir skrefið frá námi til starfs, þ.e. auðvelda þeim að velja starfssvið sem hentar þeirra hæfni og áhugsviði til að stuðla að auknum árangri og vellíðan í framtíðarstörfum. Þá var farið yfir ýmsa hagnýta þætti sem gagnast við atvinnuleit, svo sem undirbúningur fyrir viðtöl, gerð ferilskráa og kynningarbréfa.

Atvinnumiðlun Bifrastar:

Atvinnumiðlunin sem hefur verið í umsjá undirritaðrar, hefur tvíþætt markmið; (1) að gera útskriftarnema sýnilegri meðal aðila atvinnulífsins og (2) að stuðla að og greiða fyrir ráðningu nemenda í störf að námi loknu. Í þessu skyni býðst útskriftarnemum aðstoð við að gera ferilskrár og fá þær síðan birtar á heimasíðu skólans. Sú síða er síðan kynnt fyrir fjölda fyrirtækja (yfir hundrað vorið 2005). Þá býðst ráðningaraðilum aðstoð við að finna starfsmenn úr röðum nemenda með milligöngu starfsmanns skólans sem hjálpar til við greiningu starfa og hæfniskrafna þeirra og gefur umsögn um nemendurna. Skólaárið 04-05 sáu umsjónarmenn grunnnámsins, Bernhard Þór Bernhardsson og Ingibjörg Ingvadóttir um þann þátt.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf:

Mánaðarlega, þ.e. miðað við 4 vikur, voru í boði 40 fyrirfram bókuð 45 mínútna viðtöl, auk þess sem opin (óbókuð) 15 mínútna viðtöl voru einn dag í viku, tvo tíma í senn. Viðtals tímarnir voru sem fyrr mjög vel nýttir af nemendum og oft tveggja til þriggja vikna bið eftir fyrirfram bókuðu viðtali. Þörfin er því umtalsverð og er það umhugsunarvert hvort staðsetning skólans og samsetning nemenda kalli á meiri þjónustu en víða annars

staðar. Nemendur eiga oft erfitt með að leita ráðgjafar annað, sem þeir gerðu ef til vill í meira mæli væri skólinn staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og margir af nemendum skólans, sérstaklega í frumgreinadeild, eru að hefja nám eftir langt hlé og þurfa sérstakan stuðning. Af þessum sökum og öðrum þeim skyldum má leiða að því líkum að viðmiðin þurfi að vera önnur hér en víða annars staðar. Að mati undirritaðrar þyrftu hlutföllin að vera nær einu stöðugildi ráðgjafa á hverja 300 nemendur til þess að unnt sé að halda uppi því háa þjónustustigi sem skólinn vill viðhafa í stoðþjónustu sinni.

Önnur verkefni:

Á vorönn var könnun á sálfélagslegu starfsumhverfi starfsfólks háskólans lögð fyrir í annað sinn og sá undirrituð um undirbúning og úrvinnslu hennar. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar gæðastjóra og rektor í lok annar.

Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir, náms- og starfsráðgjafi / sálfræðingur

Tölvuþjónusta

Haustið 2004 störfuðu við IT – deild (Information technology) netstjóri og vefstjóri. Netstjóri í 100% starfi. Vefstjóri í 50% starfi og 40% starfi sem aðstoðarmaður netstjóra og 10% starfi sem umsjónarmaður Gagnasmiðju. Ráðinn var starfsmaður í tölvudeild á vordögum 2005 og mun hann taka við notendþjónustu við nemendur og starfsmenn sem Tölvuþjónusta Vesturlands sinnti skólaárið 2004 - 2005.

Á vordögum 2005 voru allir netþjónar uppfærðir í Windows 2003 og skipt var um vélbúnað í pósthjóni og hann uppfærður í Microsoft Exchange 2003. Netíð var stækkað verulega með tilkomu nýs rannsóknarseturs og nemendaíbúðum. Lagður var ljósleiðari frá skólahúsnæði að setrinu. Allar nemendaíbúðir í nýju byggingunni voru tengdar með cat-5 við staðarnet skólans. Eins var Rannsóknarsetrið tengt með cat-5 og þráðlausum sendum.

Eldveggur skólans hefur verið uppfærður og endurbættur.

Nokkrar viðbætur voru unnar á Námsskjá að hausti 2004 og yfir skólaárið til að koma til móts við auknar þarfir. Á vordögum var mikil vinna lögð í að leita að lausnum fyrir kennslukerfi skólans. Í upphafi sumars var ákveðið að fara í samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjöltækniskólann og Nepal hugbúnað um sameiginlegt kerfi sem byggði á Námsskjá og kennslukerfi Nepal hugbúnaðar til að nota við skólaárið 2005 – 2006. Samið var við Outcome hugbúnað ehf um aðgang að kannanakerfi fyrir nemendur og skólann. Unnið var að uppfærslu útlits heimasíðunnar.

Bragi Þór Svavarsson

Vefstjóri

Ólafur Guðmundsson

Netstjóri

Alþjóðaskrifstofa

Sem fyrr var nóg að gerast í alþjóðamálum á Bifröst á skólaárinu 2004-2005. Segja má að árið hafi hafist með ferð alþjóðafulltrúa og rektors á ráðstefnu European Association of International Education (EAIE) í Torino. Þar gafst tækifæri til að eiga fundi með mörgum núverandi samstarfsaðila sem og bæta við nýjum. Enn var það lagadeildin sem var sett á oddinn en áhugi innan deildarinnar á námsdöl erlendis hefur reynst síst minni en í viðskiptadeild.

Eftirfarandi skólar bættust í hóp samstarfsskóla Bifrastar á árinu:

Land	Samstarfsskóli	Borg
Svíþjóð	Högskolan Kristianstad	Kristianstad, Skánn
Eistland	Estonian Business School	Tallinn
Litháen	Zemaitijos Kolegija	Rietavas
Spánn	Escuela de Administración de Empresas	Barcelona

Nemendaskipti

Á skólaárinu 2004 – 2005 var áfram mjög hátt hlutfall þriðja árs nemenda sem nýtti sér möguleikann til skiptináms en alls sendi Viðskiptaháskólinn 31 nemanda til 9 landa.

Laganemar sem lögðu land undir fót voru alls tólf. Fimm dvöldu við University of Arkansas í Bandaríkjunum, einn fór til Manitoba í Kanada, tveir settu stefnuna á Lüneburg í Þýskalandi, tveir fóru til Þessalóníku í Grikklandi og tveir laganemar fóru til Kína. Dvölin stóðst svo sannarlega væntingar en allir snéru nemendurnir aftur ánægðir með val sitt.

Viðskiptanemar létu ekki sitt eftir liggja og þaðan fóru hvorki fleiri né færri en nítján nemendur til erlendrar skiptinámsdvalar. Í fyrsta sinn fóru tveir nemendur til samstarfsskóla okkar í Kokkola í Finnlandi en að auki valdi einn nemandi deildarinnar hinn finnska samstarfsskólann okkar í Rovaniemi. Aðrir tveir frumkvöðlar settu stefnuna á Frakkland, nánar tiltekið Dunkerque, sex nemendur deildarinnar völdu Shanghai, einn nemandi fór til Eistlands og tveir til Barcelona, þrír nemendur fóru í kuldann til Kanada og tveir fóru í hlýjuna til Arkansas. Einn nemandi dvaldi í Þýskalandi. Þá fóru að venju

tveir nemendur deildarinnar til heilsársdvalar Otaru í Japan en árlega hefur japanska ríkið stutt myndarlega við bakið á þeim nemendum sem þangað hafa kosið að fara.

En nemendur komu einnig til Bifrastar eins og venja er. Alls komu 15 nemendur frá 6 löndum þar af fjórtán í eina önn og einn til heilsársdvalar. Í fyrsta sinn kom til okkar nemandi frá samstarfsskóla okkar í S-Frakklandi og varð það til þess að þrír nemendur viðskiptadeildar sóttu um dvöl þar á haustönn 2005. Það hefur enda sýnt sig að þessi tegund „innra markaðsstarfs“ er oftar en ekki besta leiðin til að vekja áhuga nemenda á nýjum áfangastöðum.

Heimsóknir og fundir

Sem fyrr útheimtu alþjóðasamskiptin nokkur ferðalög bæði á fundi með samstarfsskólum sem og á ráðstefnur. Sem fyrr var nefnt fóru rektor og alþjóðafulltrúi í september á tengslaráðstefnu samtakanna European Association for International Education [EAIE] sem að þessu sinni var haldin í Tórinó á Ítalíu. Ráðstefnan var sem fyrr mjög gagnleg og skemmtileg. En auk fjölda fyrirlestra og málstofa sem í boði voru mátti þar hitta fyrir um 2000 fulltrúa háskóla og æðri menntastofnanna frá Evrópu sem og öðrum heimsálfum. Skrifað var undir samninga við einn sænskan háskóla og grunnurinn lagður að fleirum. Að auki gafst tækifæri til að hitta marga núverandi samstarfsaðila skólans og styrkja þannig böndin. Í október fór alþjóðafulltrúi til stutts fundar við starfsfólk alþjóðaskrifstofu Háskólans í Kristianstad og fékk þar tækifæri til að skoða aðstæður og námsframboð. Rektor fór hins vegar, með stuttri viðkomu í Finnlandi, á fund samstarfsskóla okkar í Eistlandi sem nú eru orðnir tveir. Annar er Estonian Business School sem er einn besti viðskiptaháskóli Eistlands en hinn er Academy Nord, virtur einkarekinn lagaskóli. Í marsmánuði fylgdu svo Sigrún Hjartardóttir og rektor nemendum til Kína en þessi annar hópur þangað taldi 7 nemendur sem hugðust dvelja í landinu til maíloka. Í maílok fór Magnús Árni Magnússon, aðstoðarrektor svo í heimsókn til Litháen til að heimsækja Zemaitijos Kolegija í Rievatas sem er lítill vinalegur bær um 70 kílómetra utan við Vilnius. Skólinn er lítill „sveitaskóli“ og minnti um margt á Bifröst fyrri tíma. Aðstoðarrektor fékk höfðinglegar móttökur og mætti mikilli velvild og áhuga heimamanna sem endurguldu heimsóknina á haustmánuðum.

Af heimsóknum erlendis frá má nefna komu Roderick Pace, prófessors við Möltuháskóla sem kenndi á sumarönn meistaranáms á sumri 2004. Í febrúar komu svo fulltrúar frá samstarfsskóla okkar í Kókkola þau Peter Finell og Hannele Teir ásamt fulltrúum þriggja

annarra norrænna háskóla sem standa ásamt Bifröst að samstarfsverkefni á sviði smásöluverslunar undir hatti Nordplus áætlunarinnar. Í maí fékk skólinn svo heimsókn frá alþjóðafulltrúa The Toulon Graduate School of Business and Technology, Catherine Davies sem kom til að kynna sér aðstæður og námsframboð við skólann.

Alþjóðafulltrúi Viðskiptaháskólans skólaárið 2004-2005 var Sigrún Hjartardóttir.

Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans

Haustið 2004 tók Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst til starfa. Tilgangurinn með stofnuninni er að efla rannsóknastarf við skólann. Sumarið 2003 hófst kennsla á meistarastigi sem styrkir mjög stöðu skólans sem rannsóknarháskóla og leggur um leið aukna ábyrgð á hann. Um fjórðungur nemenda skólans eru í meistaranámi sem er óvenju hátt hlutfall, en enginn annar íslenskur háskóli getur státað af svo háu hlutfalli meistaranema.

Meistaránámið felur í sér aukna áherslu á rannsóknarvinnu kennara. Hlutverk Rannsóknamiðstöðvarinnar er að styðja við fræðimenn skólans og efla þar með rannsóknir enn frekar. Á fyrsta starfsári miðstöðvarinnar var rannsóknarsvið kennara kortlagt og þeim upplýsingum komið á framfæri við ýmsa aðila. Þar kemur berlega í ljós hversu vel skólinn er mannaður af vel menntuðum kennurum sem jafnframt hafa mikla reynslu úr atvinnulífinu.

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvarinnar er jafnframt að sinna þjónusturannsóknnum og ýmiskonar ráðgjafastarfsemi. Með þessu er verið að þjónusta atvinnulífið í landinu með því að bjóða upp á rannsókn- og þróunarstarf. Fyrirtæki, hvort heldur einkarekin eða opinber, geta leitað til miðstöðvarinnar með stór og smá verkefni. Sem dæmi má nefna stórt verkefni sem var í gangi allt fyrsta starfsárið sem snýst um framkvæmdastjórn með sameiningarviðræðum fimm sveitarfélaga í Borgarfirði og vestur í Kolbeinsstaðahrepp.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar var Dr. Grétar Þór Eyþórsson.

Rannsóknasetur á Bifröst

Á Bifröst eru fjögur sérhæfð rannsóknarsetur, en þau eru sjálfstæðar stofnanir með eigin stjórn.

Evrópufræðasetur

Evrópufræðasetrið er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn með aðsetur á Bifröst. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Evrópufræðasetrið mun í framtíðinni leita samstarfs við þá aðila á Íslandi sem starfa að Evrópumálum.

Stjórn skipa:

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, formaður.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, varaformaður.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti Alpýðusambands Íslands.

Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins.

Magnús Árni Magnússon, deildarforseti og aðstoðarrektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Forstöðumaður var Eiríkur Bergmann Einarsson

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum var sett á stofn þann 24. ágúst 2003. Samkomulag um stofnun setursins undirrituðu: Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs og Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Hlutverk rannsóknarsetursins er að vinna að víðtækum rannsóknum á húsnæðis- og fasteignamarkaði, vera stjórnvöldum og fagaðilum til ráðuneytis um húsnæðismál, hafa umsjón með sérstakri gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga á sviði húsnæðismála auk útgáfu rannsóknarniðurstaðna og rita um húsnæðismál.

Stjórn skipa:

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins
Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs
Stefán Kalmansson, framkvæmdastjóri Viðskiptaháskólans Bifröst

Forstöðumaður var Magnús Árni Skúlason, dósent

Rannsóknasetur verslunarinnar

Rannsóknasetur verslunarinnar (RSV) er vettvangur fyrir rannsóknir á sviði smásöluverslunar. Að RSV standa Samtök verslunar og þjónustu, verslunarfyrirtækin Hagar, Kaupás og Samkaup, viðskipta- og iðnaðarráðuneytið og Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Markmið með starfrækslu setursins eru að skapa og miðla þekkingu um mikilvæg málefni er snerta smásöluverslun á Íslandi, taka virkan þátt í umræðu um málefni smásöluverslunar og aðstoða samtök og fyrirtæki í smásöluverslun við lausn faglegra úrlausnarefna.

Stjórn skipa:

Brynjar Steinarsson, formaður. Aðstoðarframkvæmdastjóri Samkaup
Atli Freyr Guðmundsson, skrifstofustjóri. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Magnús Árni Magnússon, aðstoðarrekter. Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Forstöðumaður var Jón Þór Sturluson

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála var stofnsett formlega 28. maí 2005. Þann dag undirrituðu Árni Magnússon, félagsmálaráðherra og Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, samkomulag um stofnun setursins.

Markmið framangreinds samkomulags er að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum.

Stjórn skipa:

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst

Forstöðumaður var Elín Blöndal, dósent.

Húsnæðismál

Helstu framkvæmdir á Bifröst starfsárið 2004 – 2005.

Nemendagarðar:

Á starfsárinu 2004 – 2005 var byggt nýtt stórhýsi með aðstöðu fyrir rannsóknarsetur á jarðhæð og 51 stúdíóíbúð á 2. 3. og 4 hæð ásamt þvottahúsi og geymslum í kjallara.

Eigendur hússins eru tvö einkahlutafélög. Bifur ehf. sem á jarðhæðina og leigir þá aðstöðu til Viðskiptaháskólans undir rannsóknarsetur. Vikrafell ehf. á íbúðirnar, ásamt geymslum og þvottahúsi í kjallara, og leigir þær til Nemendagarða Viðskiptaháskólans.

Húsið var tekið í notkun í byrjun september 2005 og fluttu þá nemendur í allar íbúðirnar.

Hönnun hússins var í höndum Stúdíó Granda í Reykjavík en Loftorka ehf í Borgarnesi var alverktaki við bygginguna.

Aðrar framkvæmdir voru í lágmarki á starfsárinu fyrir utan hefðbundin og nauðsynleg viðhaldsverkefni.

Alls eru nú í notkun 130 fjölskyldu- og stúdíóíbúðir hjá Nemendagörðum, 80 einstaklingsherbergi og 8 tveggja manna herbergi með sameiginlegu aðgengi að eldhúsi og setustofu.

Starfsmannagarðar:

Engar nýframkvæmdir voru á starfsárinu á vegum Starfsmannagarða. Viðhaldsverkefni voru lítil fyrir utan að fjögur raðhús voru máluð að utan.

Rekstur og efnahagur.

Tekjur Nemendagarða Viðskiptaháskólans fjárhagsárið 2004 – 2005 námu 80,4 milljónum króna. Tekjurnar byggjast á útleigu íbúðarhúsnæðis til nemenda auk tilfallandi útleigu yfir sumartímann. Árið áður námu rekstrartekjur um 69,9 milljónum.

Rekstrargjöld námu 64,3 mkr. og þar af voru afskriftir 23,1 mkr. Fjármagnskostnaður, vextir og verðbætur, var nettó um 88,6 mkr. og rekstrartap ársins var 72,5 milljónir.

Fastafjármunir Nemendagarða voru eignfærðir á 1.242,6 mkr. 31. júlí 2005. Fjárfestingar á árinu námu um 12,5 mkr., að stærstum hluta vegna jarðvegs- og lagnaframkvæmda við fjölskylduíbúðir við Skógarsel en þær íbúðir voru teknar á leigu af Hafnarbakka.

Heildareignir námu alls 1.301,5 mkr. í lok fjárhagsársins. Skuldir samtals námu 1.090,3 mkr. og eigið fé var í lok starfsársins 211,2 mkr. Fasteignir Nemendagarða eru nú metnar og bókfærðar á markaðsverði.

Starfsmannagarðar Viðskiptaháskólans á Bifröst er sjálfseignarstofnun sem á og rekur íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn á Bifröst. Alls er um að ræða 17 íbúðir fyrir starfsmenn, þar af 12 í eigu Starfsmannagarða og 5 í eigu Viðskiptaháskólans.

Tekjur Starfsmannagarða á fjárhagsárinu 2004 – 2005 voru 12 mkr. Rekstrargjöld voru 6,8 mkr. þar af afskriftir 2,9 mkr. Fjármagnskostnaður nettó nam 9,3 mkr.

Rekstrartap ársins var 4,1 mkr.

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31. júlí 2005 voru 165,1 mkr. Skuldir alls voru 155,3 mkr. og eigið fé var 9,9 mkr. í lok fjárhagsársins. Fasteignir Starfsmannagarða eru nú metnar og bókfærðar á markaðsverði.

Rekstur og efnahagur

Á Bifröst eru reknar þrjár rekstrareiningar. Þær eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Nemendagarðar Viðskiptaháskólans á Bifröst sem reka íbúðir fyrir nemendur og Starfsmannagarðar Viðskiptaháskólans á Bifröst sem reka starfsmannagarða á Bifröst. Skólaárið afmarkar fjárhagsárið fyrir þessar rekstrareiningar sem miðast því við tímabilið 1. ágúst 2004 - 31. júlí 2005.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Tekjur Viðskiptaháskólans á Bifröst á árinu 2004 - 2005 námu 442,6 mkr og hækkuðu um 109 mkr milli ára eða um 33%. Samningsgreiðslur frá ríki námu 178,9 mkr en aðrar tekjur 263,7 mkr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að stærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig framlagi til rannsókna. Framlöginn byggja á samningi milli skólans og ríkisins. Unnið var að endurnýjun hans á árinu 2005. Aðrar tekjur skýrast að stærstum hluta af skólagjöldum. Helstu tekjuþættir aðrir eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis og hótélreksturs og þjónusta við Nemendagarða.

Kennsla hófst á mastersstigi í viðskiptadeild sumarið 2003 og fjölgaði nemendum þar umtalsvert sumarið 2004. Þá hófst einnig kennsla á mastersstigi í lagadeild. Umfang á starfstengdu námi og námskeiðshaldi hefur aukist mikið á árunum 2004 og 2005. Þar má nefna starfsnám fyrir verslunarstjóra og námskeiðið „Máttur kvenna“. Rannsóknarsetur í húsnæðismálum tók til starfa á Bifröst 1. nóvember 2003. Í nóvember 2004 hófu tvö ný rannsóknarsetur starfsemi, Rannsóknarsetur verslunarinnar og Rannsóknarsetur í vinnuréttar- og jafnréttismálum. Öll eru setrin rekin í samstarfi við aðra aðila sem bæði taka þátt í fjármögnun þeirra og faglegri stjórn.

Rekstrargjöld skólans á árinu 2004 - 2005 námu 405 mkr að meðtöldum afskriftum. Laun og launatengdur kostnaður nam þar af 278 mkr eða 2/3 hluta rekstrargjalda sem er sama hlutfall og árið áður. Starfsmenn voru 42 í 36 stöðugildum en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 24 mkr, annar kostnaður 87 mkr og afskriftir 16 mkr. Alls hækkuðu rekstrargjöld um 24% milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 37,4 mkr árið 2004 - 2005, nettó fjármagnsgjöld voru 34,7 mkr og rekstrarafgangur ársins nam 2,7 mkr. Afkoma skólans batnaði því á árinu en nokkurt tap var tvö rekstrarárin á undan.

Fjárfestingar námu 16 mkr á árinu, þar af 11,6 mkr í fyrirtækjum og 4,4 mkr í ýmsum rekstrarfjármunum. Skólinn er eignaraðili að Vikrafelli ehf og Bifur ehf. sem eru eignarhaldsfélög að Hamragörðum, rannsóknar- og íbúðarhúsnæði sem byggt var á árinu 2005. Vikrafell ehf á 51 einstaklingsíbúð í húsinu sem leigt er Nemendagörðum og Bifur ehf á jarðhæð hússins sem leigt er skólanum undir rannsóknarstarfsemi og lesaðstöðu fyrir nemendur. Fastafjármunir námu 578,6 mkr í lok fjárhagsársins og hækkuðu umtalsvert milli ára þar sem þær eru nú eignfærðar á matsverði. Eignir alls voru bókfærðar á 643,4 mkr m.v. 31. júlí 2005.

Langtímaskuldir Viðskiptaháskólans námu 201 mkr m.v. 31. júlí 2005 sem eru að mestu komnar til vegna framkvæmda á árinu 2002. Afborganir langtímaskulda námu 14 mkr á árinu. Skammttímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 188 mkr m.v. 31. júlí 2005. Haustið 2005 var gengið frá samningi um skammttímaskuldir skólans við Sparisjóð Mýrasýslu.

Eigið fé Viðskiptaháskólans á Bifröst nam 254 mkr í lok fjárhagsársins og hafði það hækkað um helming milli ára vegna endurmats á fasteignum skólans.

Rekstur og efnahagur:

Rekstur í þús. króna	<u>2004-2005</u>	<u>2003-2004</u>
Rekstrartekjur	442.620	333.183
Rekstrargjöld	<u>405.234</u>	<u>324.395</u>
Rekstarafgangur án fjármagnsliða	37.386	8.788
Fjármagnsliðir	<u>-34.696</u>	<u>- 25.676</u>
Rekstrarniðurstaða	2.690	-16.888

Efnahagsreikningur í þús. króna	<u>2004-2005</u>	<u>2003-2004</u>
Fastafjármunir	578.578	454.207
Veltufjármunir	<u>64.857</u>	<u>39.596</u>
Eignir samtals	643.435	493.803
Eigið fé	254.163	127.115
Langtímaskuldir	201.225	211.850
Skammtímaskuldir	<u>188.047</u>	<u>154.838</u>
Skuldir og eigið fé samtals	643.435	493.803

Brautskráning

Þann 28. maí 2005 brautskráðust 62 nemendur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst. 35 nemendur útskrifuðust úr Viðskiptadeild, 27 nemendur úr Lagadeild og nú í fyrsta skipti í sögu skólans voru útskrifaðir meistaranemar. 3 nemar útskrifuðust með MA gráðu í hagnýtum hagvísindum frá Viðskiptadeild og sýnir það enn og aftur þann kraft sem er í skólstarfinu og þá framþróun sem átt hefur sér stað. Aðeins 2 ár eru síðan ákveðið var að hefja nám á meistarastigi við Viðskiptaháskólann og nú stefnir í að hátt á annað hundrað manns stundi slíkt nám á komandi ári. Runólfur Ágústsson rektor talaði um í ræðu sinni að þetta væri skólanum nauðsynlegt til að hann geti sinnt því hlutverki sínu að útskrifa stjórnendur fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Einnig er meistaranámið til þess fallið að efla og styrkja rannsóknir við skólann.

Runólfur talaði einnig um að sótt væri fram á fleiri sviðum og að í haust tæki til starfa ný deild hér á Bifröst, félagsvísinda- og hagfræðideild. Hún mun breikka ásjón skólans og skjóta nýrri stoð undir starfsemina sem verður með þessu enn fjölbreyttari. Runólfur fjallaði um heilsársháskólann en hann gerir ráð fyrir að nemendur geti stundað nám sitt eins og hefðbundna vinnu allt árið og að það dragi að Bifröst mikinn fjölda umsækjenda og efla sérstöðu skólans.

Í ræðu sinni gerði rektor jafnrétti að sérstöku umtalsefni og talaði um að kynbundinn launamunur væri smáarblettur á íslensku atvinnulífi.

Bifröst ætlar ekki að sitja hjá og horfa upp á þetta óréttlæti. Skólinn ætlar að leggjast á árar með nemendum sínum og talaði Runólfur um að tryggja þeim réttlæti á vinnumarkaði. Við brautskráninguna var einnig skrifað undir samning við Félagsmálaráðuneytið um stofnsetningu rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála sem m.a. skal efla rannsóknir á sviði atvinnulífs og jafnréttismála. Setrið mun með starfsemi sinni efla skilning og þekkingu á þessum málum og með slíku veita atvinnulífi og samfélagi aðhald.



Útskriftarhópur vor 2005 ásamt rektor og deildarforsetum